

13. gr.

Frankvæmdastjóri fjármála hefur yfirumsjón með færslu bókhalds Friðhafnarinnar.

Fríhöfnin skal árlega senda utanríkisráðuneytinu sérstaka áætlun ásamt greinargerð um tekjur og gjöld Friðhafnarinnar.

14. gr.

Fríhöfnin skal að jafnaði eigi sjaldnar en vikulega selja til banka allan innkominn erlendan gjaldeyri.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47 frá 11. júní 1960, um tollvörugæmslur o. fl., sbr. breyting á þeim lögum, nr. 61 frá 12. maí 1970, og öðlast hún gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 5 frá 12. janúar 1971 um tollfrjálsar verslanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins.

Utanríkisráðuneytið, 17. júlí 1978.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á kolmunna- og spærlingsafurðum fyrir tímabilið frá 16. júlí til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á kolmunna- og spærlingsafurðum fyrir tímabilið frá 16. júlí til 31. desember 1978:

Mjöl \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Lýsi \$ 460.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður 8%.

Verðin miðast við cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 259.80.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júlí 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.